

Fundargerð 93. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 30. október 2014, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Sigrún Árnadóttir, varamaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Fluglest*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um gang mála vegna fluglestar. Stjórn þakkaði yfirferðina og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

3. *Verne - lóðaleigusamningar*

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir uppbyggingu Verne gagnavers. Útlit er fyrir þörf á stækkun og frekari nýtingu á landi við gagnaverið og hefur Verne óskað eftir því. Framkvæmdastjóri hefur unnið að samningi við Verne. Stjórn samþykkti samninginn og fól framkvæmdastjóra að ganga frá honum við Verne gagnaver.

4. *Algalíf samningar*


Framkvæmdastjóri hefur unnið að samningi við Algalíf um stækkun verksmiðju þeirra á Ásbrú. Stjórn var kynnt samningaferlið. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ljúka þessum umræddu samningum við Algalíf.

5. *Önnur mál.*

Skoðunarferð um Ásbrú f. stjórn ÞK

Ákveðið var að eftir næsta stjórnarfund ÞK verði farið í skoðunarferð um Ásbrú og fyrirtæki heimsótt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Sigrún Árnadóttir
Fjóla Hrund Björnsd.